

JARÐSTRENGUR MILLI DÝRAFJARÐAR OG ARNARFJARÐAR, ÍSAFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 8. júlí 2008 tilkynnti Landsnet um fyrirhugaðan jarðstreng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisvið), Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Neytendastofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 22. september 2008, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisvið) með bréfi dags. 3. október 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. september og 12. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 26. september 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 23. september 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. september 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 9. október 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í tilkynningu að Landsnet áformar að leggja 132 kV jarðstreng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um fyrirhuguð Dýrafjarðargöng. Fyrirhuguð lega verði frá spennivirki Orkubús Vestfjarða ofan við Mjólkárviðkjún, yfir tún ofan við íbúðarhús, ofan vegar að fyrirhuguðum jarðgöngum og í gegnum göngin, samhliða loftlínunum. Dýrafjarðarmegin sé fyrirhugað að leggja veg frá jarðgöngunum að Dýrafjarðarbrú á Þjóðvegi nr. 60 og muni hann ekki liggja um núverandi vegslóða um botn Dýrafjarðar. Jarðstrengurinn verði lagður ofan og meðfram nýja vegarins en frá Kjaransstaðaeyri að hornstæðu, sunnan við Dýrafjarðarbrú sé gert ráð fyrir að strengurinn liggja í núverandi vegslóða.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að strengurinn verði grafinn alla leið, einnig í jarðgöngunum. Lagnaleiðin verði að mestu á röskuðu landi; í vegkanti, vegrás og vegskeringum. Strengurinn verði grafinn í árbotn Hofsár þar sem hún verði þveruð. Gert sé ráð fyrir að allur uppgröftur sem falli til við skurðgröftinn verði notaður til fyllingar í skurðinn að loknum frágangi lagna. Lagnaleiðin sé víðast hvar malarkennd en sums staðar sé þunnt moldarlag og víða hálfgróið. Ekki sé gert ráð fyrir sérstakri slóðagerð vegna framkvæmdanna. Auðvelt sé að færa yfirborð til upprunalegs horfs að framkvæmd lokinni og sáð verði í svæði þar sem gróður hafi raskast. Engin verndarsvæði né svæði á náttúruminjasrá séu á áhrifasvæði framkvæmdarinnar svo Landsneti sé kunnugt um.

Fram kemur að samráð hefur verið haft við landeigendur vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig við Vegagerðina, Orkubú Vestfjarða og Ísafjarðarbæ.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Ísafjarðarbær, Fiskistofa (lax- og silungsveiðisvið), Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Neytendastofa, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á rafmagnsöryggi. Neytendastofa minnir á nauðsyn þess að lagning og frágangur strengsins sé í samræmi við reglur á rafmagnsöryggissviði.

Áhrif á verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að jarðstrengurinn muni fylgja vegum og jarðgöngum og muni því ekki hafa áhrif á svæði nr. 311 á náttúruminjaskrá. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á að strengurinn muni ekki liggja innan verndarsvæða vatnsbóla.

Áhrif á fiskistofna. Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu bendir á að jarðstrengurinn muni ekki þvera ár með mikla veiðihagsmuni. Stofnunin bendir á að sækja þurfi um leyfi til þverunar vatnsfalla samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifaskráning hafi verið gerð vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við gerð Dýrafjarðarganga, en ekki með tilliti til annarra framkvæmda. Mögulegt sé að lagning jarðstrengsins raski bæjarstæði Ketilseyrar í Dýrafirði og Borgar í Borgarfirði. Stofnunin fer fram á að bæjarstæðin verði könnuð áður en framkvæmdir hefjist.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Náttúrustofu Vestfjarða muni gera rannsókn á bæjarstæði Ketilseyrar í Dýrafirði og Borgar í Borgarfirði.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrirhuguð könnun á bæjarstæðunum sé í samræmi við kröfur stofnunarinnar. Niðurstöður könnunarinnar þurfi að leggja fyrir stofnunina þegar þær liggi fyrir og muni Fornleifavernd ríkisins þá taka afstöðu til þess hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna lagningu jarðstrengs við bæjarstæði Ketilseyrar og Borgar. Stofnunin minnir einnig á ákvæði 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Áhrif á samgöngur. Vegagerðin bendir á að gerð Dýrafjarðarganga og nýs vegar í Dýrafirði sé forsenda þess að hægt verði að leggja jarðstrenginn eins og tilkynning Landsnets geri ráð fyrir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 132 kV jarðstrengs milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um fyrirhuguð Dýrafjarðargöng. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér en tekur jafnframt undir með Vegagerðinni um að fyrirhuguð lega jarðstrengsins sé háð því að Dýrafjarðargöng verði gerð. Ræður þar mestu að framkvæmdasvæðið verður að mestu leyti innan fyrirhugaðra jarðganga og veghelgunarsvæðis fyrirhugaðs vegar frá jarðgöngum að Dýrafjarðarbrú og hvorki verður farið um viðkvæm svæði né svæði sem njóti sérstakrar verndar. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að niðurstöður fornleifarannsóknna við Ketilseyri og Borg verði bornar undir stofnunina og samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna lagningar jarðstrengsins við bæjarstæðin. Skipulagsstofnun

telur brýnt að í verklok verði vandað til frágangs svo framkvæmdasvæðið komist sem í upprunalegt horf.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 132 kV jarðstrengs milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um fyrirhuguð Dýrafjarðargöng sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt ber að afla leyfis hjá lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 vegna þverunar Hofsár. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir að lega strengsins sé í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. desember 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulags
stofnun